

Fundargerð 10. fundar deildar leiðsögufólks í VR

Fundarstaður og dagsetning: Fjarfundur á Teams, 14. apríl kl. 20-21:30.

Mættir: Halldór Kolbeins, Þór Bínó Friðriksson, Örvar Már Kristinsson, Pétur Gauti Valgeirsson, Jón Páll Baldvinsson, Stefán Sveinbjörnsson (kl. 20 – 20:30) og Aðalheiður Rán Þrastardóttir.

Næsti fundur: 5. maí '26, fjarfundur á Teams kl. 20 – 21:30.

Fundarritari: Aðalheiður Rán Þrastardóttir

Málsnúmer í One: 2506279

Formaður, Halldór Kolbeins, stýrir fundi. Setur fund kl. 20.06.

Fundargerð 9. Fundar

Engar athugasemdir aðrar en þær sem þegar höfðu verið sendar og bætt hafði verið úr. Fundargerð send til undirritunar.

Forsendubrestur kjarasamninga

Samþykkt að liður sé færður fram. Stefán Sveinbjörnsson segir frá. Ekki er orðinn forsendubrestur kjarasamninga nú en næstu mánuðir munu leiða það í ljós.

Í kjarasamningi er forsenduákvæði. Forsendur héldust í fyrra en skv. ákvæðum fyrir 2026 má 12 mánaða verðbólga ekki mælast hærrí en 4,7% og 6 mánaða verðbólga, mars – ágúst '26, ekki hærrí en 4,4%. Ef þetta stenst þá halda kjarasamningar.

Ferlið er þannig að ákveðin nefnd sér um málin. Hún fer yfir hvort forsendur haldi eða ekki og styðst hún við opinberar mælingar. Við munum vita í lok ágúst hvort ákvæðið haldi eða ekki. Ef forsendur haldast ekki verður heimilt að segja upp samningnum og höfum við 42 daga til að ákveða það, fyrir 8. okt. og þá fellur hann þá úr gildi 31. okt. Ef til forsendubrests kemur reynir nefndin að ná samkomulagi um að eitthvað komi inn í samninginn en ef það næst ekki getur SA eða við sagt honum upp innan áður nefnds frests. Nefndin horfir á nokkra þætti við ákvörðun sína, s.s. heildstætt yfir stöðu efnahagsmála. Stefán er í nefndinni fyrir hönd VR en þar sitja fleiri frá stéttarfélagunum ásamt aðilum f.h. SA. Þann 27. ágúst mun það liggja ljóst fyrir hver staðan er, mögulega í júlí. Launa- og forsendunefnd mun hittast 2. september.

Verðbólguþá VR er 5,13% en miðað við það verður forsendubrestur. Misjafnar skoðanir eru á því hvað skal gert ef til forsendubrests kemur, s.s. segja honum upp, semja um aukaákvæði, semja um nýtt forsenduákvæði. Ef ekki verður brugðist við innan setts frests er samningurinn bundinn út febrúar '28.

Mikil umræða er um að koma í veg fyrir frekari verðbólgu.

Umræða meðal stjórnar. Erfitt getur verið ef eitt félag segir upp sínum samning, SA síðar til í viðræður. Mögulega gætu komið einhver viðbrögð frá stjórnvöldum. Umræður eru í gangi í ASÍ og verður skipuð nefnd þar til umræða við stjórnvöld um mögulegar aðgerðir.

Flestir ef ekki allir samningar í landinu eru með sama forsenduákvæði, þ.e. sama verðbólguhlutfall.

Gæti orðið erfitt sumar fyrir ferðaþjónustuna, minni velta hjá Bandaríkjamönnum og Kínverjar ferðast minna vegna stöðunnar í Miðjarðarhafinu.

Gott að búa sig undir þetta og huga að því hvað sé hægt að gera. Ef stjórnarfolk hefur tillögur má skila þeim til Stefáns.

Þessu óviðkomandi var spurningu beint til SS vegna breytinga á sjúkrasjóði á aðalfundi VR.

Leiðsögufólk er með önnur ákvæði í sjúkrasjóði en annað félagsfólk VR.

Árið 2019 var sjúkrasjóður VR minnkaður úr 9 mánuðum í 7. Staða sjóðsins batnaði í covid og voru vonir um að það myndi haldast en svo varð ekki. Var tryggingastærðfræðingur þá fenginn til að taka út sjóðinn í október 2025 og kom þá í ljós að grípa þurfti til aðgerða.

Réttur leiðsögufólks í sjúkrasjóði Leiðsagnar var 4 mánuðir. Þar sem veikindaréttur leiðsögufólks hjá atvinnurekanda er minni en t.d. verslunar- og skrifstofufólks var samið um að leiðsögufólk yrði með 4 mánaða rétt í sjúkrasjóði VR ef að sameiningu yrði. Eftir breytingu á aðalfundi VR í vor var réttur verslunar- og skrifstofufólks lækkaður úr 7 mánuðum niður í 6 en engin breyting var gerð á rétti leiðsögufólks til sjúkradagpeninga önnur en að nú er 80% greiðslan að sjúkradagpeningum hjá Sjúkratryggingum meðtöldum.

Hvað varðar breytingu á dánarbótum þá fellur réttur til dánarbóta niður 2 árum eftir að viðkomandi hættir á vinnumarkaði sökum aldurs. Breytingin varðar ekki aldur fólks heldur einungis hvenær fólk hættir á vinnumarkaði. Áður var hægt að sækja dánarbætur jafnvel þó 30 ár væru frá starfslokum.

Upp kom umræða um þetta á FB grúppu. Stefna VR að svara ekki almennri umræðu á FB síðum sem ekki eru okkar.

Stefán vísar af fundi.

Verkefni, staðan

Starfslýsingar fyrir leiðsögufólk. Formaður kom að málum vegna umræðu í þjóðgarðinum vegna fjallaleiðsagnar og leiðsagnar í íshellum. Upp kom sú hugmynd að Hæfnisetur myndi útbúa starfslýsingar fyrir ákveðnar tegundir leiðsagnar. Haft hefur verið samband við SA sem vildi taka fyrir tvö til þrjú störf. Einnig hefur verið talað við fyrirtæki í borgarleiðsögn sem vill bæta gæði leiðsagnar. Niðurstaða er ekki komin í málið en gæti fengist innan þriggja vikna og væri þá hægt að kalla fólk til með tölvupósti.

Niðurstaða þessarar vinnu yrði á þá leið að báðir aðilar þyrftu að una henni.

Umræða milli stjórnarfólks. Væri gott ef verkefni t.d. fararstjóra og leiðsögufólks yrðu skráð, ekki hægt að ætlast til að leiðsögumaður sinni tveimur eða þremur störfum í einu. Ef fólk tekur auka nám væri eðlilegt að laun hækki til samræmis. Bent á að starfslýsingu leiðsögumanns er að finna í aftast í kjarasamningi. Starfslýsingar leiðsögufólks erlendis hefur að auki verið skoðuð og gott væri að bæta við fyrri starfslýsingu. Fjallaleiðsögnin er að einhverju leyti meira öryggisnám en hefðbundið leiðsögunám og hefur ekki verið metin til launa skv. kjarasamningi. Er vilji til að fólk fái álag við nám til fjallamennsku? Þá sérstaklega þar sem þau bera aukna ábyrgð með því að vera með oft óreynt fólk í alls konar aðstæðum.

Samræming þarf að vera á öllu landinu, ekki nægjanlegt að fólk þurfi leyfi til vinnu á jöklum innan þjóðgarða en ekki annars staðar, eða eins og það er nú, bara ef ferðin hefst innan þjóðgarðsins.

Kynningarfundur með lögreglu út af regluverki ökurita. Hermundur hjá lögreglunni heldur fund hjá SAF í lok maí með flotastjórum um túlkun á reglum um ökurita. Við vorum spurð hvort við myndum blása til fundar um svipað leyti fyrir ökuleiðsögufólk. Mikil vinna í kringum ökurita en nú eru komin tæki til að lesa betur kortin.

Umræða. Væri gott ef sameiginlegur skilningur væri hjá hinu opinbera um kortin, virðist vera misjöfn svör eftir því við hvern sé rætt. Fólk væri til í námskeið og umræðu um ökurita. Væri gott ef við næðum samfloti með fleiri hópum, til að fá betri heildarniðurstöðu, húa til fleiri félög. Spurning um að hafa góðan fund með fleirum sem málefnið snertir.

Félagsfundur. Vinna í kringum ASÍ skýrsluna. Við höfum ekki haft andrými til að setjast niður og vinna í þeim málum – hefur fólk hálfan dag til að daga smá vinnu í kringum skýrsluna? Flestum líkar betur að hittast og vinna í málefni en að vinna á netinu. Þeir komast sem komast en fundinn tími í lok apríl.

Staða á kynningarefni fyrir deildina. Veggspjaldi hefur verið hent upp og sent áfram innanhúss. Ekki komið úr því en búið að ýta á eftir. Hvað varðar bækling almennt um VR þá er slíkur bæklingur til sem er ekki ólíkur þeim er Bryndís hafði komið með á fund fyrir um árið. Kjör leiðsögufólks ekki ólík öðrum VR félögum m.v. upplýsingar í bæklingi svo þeim bæklingi væri hægt að dreifa. Bent á að bæta á veggspjaldið að VR hafi kjarasamninga fyrir leiðsögufólk.

Staða mála á kynningu fyrir skóla. Starfskraftur deildar fer yfir. Kynningin er tilbúin og haft hefur verið samband við alla skólana og þeim boðið að fá okkur í heimsókn. Farið hefur verið í tvo þeirra. Þriðji vill fá okkur á haustönn en ekki komið á hreint hvenær fjórði vill okkur en veit af okkur.

Varðandi „fækkun“ í deildinni

Starfskraftur deildar segir frá. Þegar farið var í að senda rafræn skírteini á allt félagsfólk sem greitt hafði janúargjöld var skoðað hvenær síðasta greiðsla hafði borist öllum í deildinni. Kom þá í ljós að allir er höfðu greitt til Leiðsagnar frá 2018 höfðu fengið merkinguna *leiðsögumaður* í kerfinu hjá okkur og varð þar af leiðandi félagi í deildinni, óháð því hvaðan greiðslur þeirra til VR kæmu. Félagi sem greiddi einu sinni í Leiðsögn 2018 en hafði unnið í verslun síðan var þá t.d. skráður í deildina. Því fór starfskraftur VR yfir alla sem skráðir voru í deildina m.t.t. hvaðan greiðslur til félagsins höfðu borist. Ef félagi var skráður í deildina en hafði ekki greitt til félagsins frá janúar 2025 vegna starfa fyrir fyrirtæki sem skráð

var skv. ákveðnum ÍSAT flokkum (nokkrir flokkar er varða fyrirtæki í ferðaþjónustu) var merkingin *leiðsögumaður* tekin af þeim og þeir því ekki lengur í deildinni. Hver einstaklingur var skoðaður sérstaklega. Við þetta fækkaði um 61 félagi í deildinni og eru nú 457 félagar skráðir í deildina.

Hugmyndin ekki að henda fólki úr deildinni heldur að hafa þetta rétt. Alltaf hægt að skrá sig aftur í deildina. Umræða kemur upp um þau sem voru í VR fyrir sameiningu, þ.e. að þeirra réttindi í sjúkrasjóði VR hafi minnkað eftir sameiningu. Það er í raun rétt en hefur ekki með skráningu í deildina að gera. Þau sem starfa sem leiðsögufólk eiga ákveðin réttindi í sjúkrasjóð út frá starfsgrein, ekki út frá skráningu í deildina. Við umsókn í sjúkrasjóð sést eftir hvaða kjarasamningi fólk fer og skráning í deildina er ekki þáttur í því hvaða rétt fólk hefur til sjúkradagpeninga heldur eftir hvaða kjarasamningi er unnið.

Reglur í Facebook hópi

Farið yfir á næsta fundi.

Öryggisnefnd

Farið yfir á næsta fundi.

Önnur mál

Möguleg rútuferð til Grindavíkur. Virðist vera lokaðra svæði en margir gera sér grein fyrir. Væri möguleiki að fara í þetta á vormánuðum? Mögulega orðið of seint svona með sumarið fram undan. Finna út hverjir væru bestu aðilarnir til að fara með í svona ferð. Kasta þessu á milli stjórnarmanna, gert með þeim formerkjum að næg þátttaka næðist. Væri möguleiki að VR myndi greiða fræðimanninn? Það verður kannað.

Hvetja fólk til að vera sýnileg með skírteinin sín.

Stjörnu Sævar verður með fræðslu um almyrkvann 19. maí.

Vilja senda meiri tölvupóst til félaga, t.d. hvar plastskírteinin er að fá.

Hægt að samþykkja mál á milli funda með rafrænum hætti? Það skoðað í starfsreglum.

Fundi slitið kl. 21.47.